

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 237/1998 um ríkisábyrgðir, Ríkisábyrgðasjóð og endurlán ríkisins.

#### 1. gr.

17. gr. orðast svo:

Ábyrgðargjald skv. 6. gr. laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir nemur 0,0625% á ársfjórðungi af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga eins og hann er að meðaltali á hverju gjaldtímabili, sbr. 8. gr. laganna. Gjaldið rennur í ríkissjóð.

#### 2. gr.

18. gr. orðast svo:

Undanþegnar gjaldskyldu ábyrgðargjalds skv. 6. gr. laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir eru eftirtaldar skuldbindingar og stofnanir:

1. Skuldbindingar sem áhættugjald hefur verið greitt af við afgreiðslu láns eða ábyrgðar.
2. Skuldbindingar vegna innstæðna á innlánsreikningum í innlánsstofnunum.
3. Skuldbindingar vegna útflutningsábyrgða með ríkisábyrgð.
4. Eftirlauna- og lífeyrisskuldbindingar.
5. Almennar viðskiptaskuldir, þ.e. skuldbindingar þar sem ekki liggur fyrir skuldarviðurkenning í forni lánsammans, útgefins skuldabréfs eða víxils.
6. Seðlabanki Íslands er undanþeginn greiðslu ábyrgðargjalds.
7. Íbúðalánasjóður er undanþeginn greiðslu ábyrgðargjalds.
8. Lánasjóður íslenskra námsmanna er undanþeginn greiðslu ábyrgðargjalds.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 2. júlí 2001.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Marianna Jónasdóttir.*

28. júní 2001

Nr. 558

## REGLUGERÐ

### um holræsi og holræsagjöld í Skaftárhreppi.

#### I. KAFLI

#### Um holræsi.

##### 1. gr.

Þegar Skaftárhreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem sveitarfélagið hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim lóðareigendum og húsráðendum sem þar eiga hús að, eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsínu er flytji allt skólp frá því út í aðalræsi. Þar sem lagðar hafa verið aðskildar lagnir fyrir skólp og yfirborðsvatn skal lóðarhafi einnig leggja aðskildar lagnir að aðalræsum og tengja. Þar sem engin lagn er fyrir hendi eða lögð hefur verið sameiginleg lagn fyrir skólp